

13. stjórnarfundur Siðmenntar

Þriðjudaginn 24. nóvember 2020 kl. 17:00, fjarfundur á Zoom

Mætt á fund: Inga Auðbjörg K. Straumland (formaður), Kristín Sævarsdóttir (gjaldkeri), Margrét Pétursdóttir (meðstjórnandi), Sveinn Atli Gunnarsson (varaformaður), Stefán Rafn Sigurbjörnsson (varamaður), Árný Björnsdóttir (varamaður), Hope Knútsson (varamaður) og Mörður Árnason (varamaður) og Siggeir F. Ævarsson (framkvæmdastjóri).

Forföll boðuð: Karen Edda Benediktsdóttir (meðstjórnandi)

Fundarritun: Siggeir F. Ævarsson og Inga Auðbjörg

Fundardagskrá í svörtum lit

Viðbætur ritara í bláum lit

Dagskrá/Fundargerð

1. Ný vefsíða - staða

a. Vinna við nýja síðu á síðustu metrunum

Vinna við nýja vefsíðu, sem er í höndum Vettvangs, er langt komin. Hönnunarvinnu lokið fyrir utan einhverjar fíniseringar, og forritunarvinna að klárast. Framkvæmdastjóri hefur sótt um leyfi og tengingar við ýmsa aðila síðustu vikur, svo sem Ísland.is, Reglu, Microsoft (vegna hýsingar), CookieHub og Borgun. Vinna við þær tengingar að klárast. Ekki hefur fengist svar við erindi til Þjóðskrár um aðgengi að "félagatali" í gegnum Ísland.is, þrátt fyrir þrjár ítrekanir á erindinu.

b. Næstu skref

Yfirfara þarf texta á vef, sú vinna er hafin, og svo að prófa ýmsa virkni síðunnar. Vonir stóðu til að koma síðunni í loftið fyrir 1. des en ljóst að það verður væntanlega ekki, nema eitthvað stórkostlegt gerist í næstu dögum.

2. Alþjóðþing 2023

- a. Danir eru að skipuleggja alþjóðþing húmanista 2023, og er vinnan á frumstigi. Búið er að sigta út staðsetningu sem er Scandic hótelið í miðbæ Kaupmannahafnar.

Fylgiskjal með nánari upplýsingum lagt fram.

Undirbúningsvinnan er þó í ákveðinni óvissu vegna Covid-19 er stefnan er þó að halda plani og er fyrsti formlegi fundur "Advisory board" fyrirhugaður rafrænt 9. desember og þarf Siðmennt að skipa fulltrúa í þann hóp:

The Advisory board (AB) will consist of one representative from each funding organization.

In 2020 and 2021 the AB meetings will be held in conjunction with the annual Nordic meetings. In the two years leading up to the Congress, in 2022 and 2023, the AB will have an extra annual meeting beyond the annual Nordic meetings.

Stjórn ætlar að ræða málið áfram og taka ákvörðun á næsta stjórnarfundi í desember.

3. Jólahugvekja 2020

a. Hver semur og flytur? Tónlist og fleira?

Komið hefur fram hugmynd frá Tryggva Gunnarssyni athafnastjóra um að gera eitthvað meira úr hugvekjuni: "Er ekki ráð að vera með einhverskonar þátt eða jesúlausan

lagalista þetta árið kringum hugvekjuna okkar á aðfangadag?”

Ákveðið að kanna hug áhugasamra athafnastjóra til að taka verkið að sér og þróa það áfram.

4. Gjaldskrá vegna útfara

Uppfæra þarf gjaldskrá útfara þar sem niðurgreiðslur frá ríkinu hafa verið felldar niður. Hingað til hefur aðeins verið ein “flöt” greiðsla fyrir útför, en ekki rukkað sérstaklega fyrir kistulagningu eða jarðsetningu. Kirkjan skiptir þessu upp í þrennt:

Kistulagning kr. 8.141

Útför kr. 26.458

Jarðsetning duftkers eða kistu, sem ekki er í beinu framhaldi af útför kr. 8.141

Framkvæmdastjóri hefur tekið umræðu með athafnastjórum en ekkert er komið fram nein afgerandi niðurstaða.

Stjórn þarf einnig að taka afstöðu til afsláttarkjara, sem eru eftirfarandi í dag:

Útfarir eru félögum í Siðmennt að kostnaðarlausu. Það gildir einnig ef maki er í Siðmennt eða ef um útför barns (0-17 ára) er að ræða óháð aðild. Annars er afsláttur 10.000 kr. ef umbeiðandi, systkini eða barn hins látna er í Siðmennt. Innifalið í kostnaði er viðtal við aðstandendur, ráðgjöf um athöfnina, samráð við athafnaþjónustu, ræðuskrif og annar undirbúningur.

Framkvæmdastjóri leggur til að afsláttarkjör verði í það minnsta “þrengd” og nái fyrst og fremst til félaga, en ekki maka eða ættmenna.

Skiptar skoðanir eru um afsláttarkjör og hvernig á að hátta þeim. Rætt um að taka það mál mögulega upp á aðalfundi.

Einnig þarf að fá betra „feedback“ frá athafnastjórum um sanngirni þóknanna. Málinu frestað til næsta fundar.

5. Hugverkaréttur Siðmenntar

Framhaldsmál frá síðasta fundi. Varaformaður og framkvæmdastjóri funduðu með lögfræðingi Árnasons Faktors sem sérhæfir sig í hugverkarétti. Farið yfir tilkall Siðmenntar til þess efnis sem unnið hefur verið fyrir félagið í tengslum við BF. Einnig leitað ráðgjafar og álits á orðalagi samninga við kennsluráð og leiðbeinendur í BF.

6. Tímarit

a. Staða

Útgáfu frestað vegna Covid aðstæðna. Stefnt á útgáfu samhliða aðalfundi 2021.

7. Önnur mál

a. Greinarskrif

- i. Varaformaður skrifaði grein sem svarað var af séra Skúla Ólafssyni. Sveinn ætlar að svara svargreininni.
- ii. Formaður hefur skrifað grein um veraldlega valkosti í útförum.

b. Sálgæsla

- i. Fyrirspurn send á sálgæsluteymi LHS. Svar hefur ekki borist enn.

- ii. Smiðja á vegum EHP á föstudag. Tinna og Krístrún hafa skráð sig. Mögulega sæti laus?

- c. Lagabreytinganefnd
 - i. Formaður og framkvæmdastjóri skrapa saman í fréttabréf og ýta verkefninu úr vör.

Næsti stjórnarfundur ekki settur fastur vegna covid aðstæðna.

Fundi slitið klukkan: 19:00